

## Formáli

Fjárhagsáætlun Hveragerðisbæjar fyrir árið 2010 var lögð fram til fyrri umræðu þann 10. desember og er síðan lögð fram með eftirfarandi greinargerð til síðari umræðu þann 17. desember 2009.

Fjárhagsáætlun Hveragerðisbæjar fyrir árið 2010 ber öll merki þess efnahagslega umróts sem ríkt hefur í samfélaginu undanfarið ár. Fyrir ári þegar fjárhagsáætlun ársins 2009 var samþykkt voru vonir bundnar við að staða mála eftir hrunið myndi skýrast á árinu og jafnvel færi að sjást til lands árið 2010. Sú hefur ekki orðið raunin og óvissan um framtíðina er síst minni núna heldur en var í desember 2008. Óvissa ríkir um framtíðarhorfur og fá jákvæð teikn eru á lofti. Fjárhagsáætlunargerð fyrir árið 2010 er því mörkuð ýmsum óvissuþáttum og gildir það jafnt um Hveragerði sem önnur byggðarlög á Íslandi. Árið 2010 mun einkennast af lækkandi tekjum og enn frekari hagræðingu í rekstri.

Í mörgum sveitarfélögum hefur íbúum fækkað þó nokkuð og því er það fagnaðarefni að íbúum hefur einungis fækkað um 0,3% eða um 8 samkvæmt óstaðfestum íbúatölum þann 1. desember 2009. Hvergerðingar eru því 2.308 en voru á síðasta ári 2.316. Gert er ráð fyrir að breyting á íbúafjölda verði óveruleg á árinu 2010.

- Útsvarsprósenta verður óbreytt eða 13,28% en þrátt fyrir það er gert ráð fyrir hækkun útsvarstekna um 2% frá áætlaðri niðurstöðu ársins 2009 en rauntölur ársins gefa tilefni til að ætla að það sé raunhæf spá.
- Álagningarprósentur fasteignaskatta eru óbreyttar en tekjur bæjarsjóðs aukast þó um 7,5% vegna fjölgunar eigna á skrá og breytinga á fasteignamati.
- Gert er ráð fyrir að framlag Jöfnunarsjóðs lækki um 8% frá áætlaðri niðurstöðu ársins 2009.
- Reynt er að halda hækkunum þjónustugjalda í algjöru lágmarki en almennt er gert ráð fyrir að gjaldskrár hækki þó ekki nái hækkunin að halda í við verðlagsþróun undanfarinna ára. Sem dæmi má nefna þá er ekki undan því komist að hækka gjöld í mótuneytum um 10% og leikskólalgjöld um 5%. Önnur þjónusta eins og til dæmis aðgangur í sund hækkar einnig en áskriftarmiðar minna en einstök skipti og áfram

verður ókeypis í sund fyrir bæjarbúa yngri en 18 ára. Í öllum tilfellum er hagur bæjarbúa hafður að leiðarljósi og hækkunum stillt í hóf eins og mögulegt er.

- Fjárhagsáætlanir einstakra deilda eru unnar í góðri samvinnu við forstöðumenn stofnana og ber að þakka þann einlæga vilja og jákvæðni sem starfsmenn hafa sýnt við gerð fjárhagsáætlunarinnar. Enn sem fyrr er haft að leiðarljósi að standa vörð um grunnþjónustuna og vernda störf eins og hægt er. Enn er ætlast til að forstöðumenn komi til móts við hækkanir launa og verðlags með mikilli hagræðingu bæði í innkaupum og í starfsmannahaldi.

Helstu breytingar frá fyrra ári eru þessar:

- Breytingar hafa orðið á starfsmannahaldi félagsþjónustu sem valda lækkun kostnaðar þeirrar deildar. Ennfremur er ljóst að þörf til ýmissa liða þar er heldur minni en gert var ráð fyrir og skilar það ákveðinni hagræðingu í rekstri deildarinnar.
- Fræðslumálum er úthlutað svo til sömu upphæð og fyrir árið 2009 en góður árangur hefur náðst í hagræðingu í þeim stóra málaflokki og fyrir það ber að þakka. Þrátt fyrir það telur bæjarstjóri að sú hagræðing hafi ekki bitnað á börnum bæjarins.
- Gert er ráð fyrir að hátíðahöld bæjarfélagsins verði með óbreyttu sniði næsta ár nema að ákvörðun hefur verið tekin um að tónlistarhátíðin Bjartar sumarnætur verður ekki haldin nema að til komi styrkir frá utanaðkomandi aðilum sem fjármagnað geti hátíðina að öllu leyti.
- Húsaleigusamningur bæjarins í Sunnumörk er bæjarfélaginu dýr og tekur hækkunum miðað við verðlagsþróun. Á árinu 2010 mun Hveragerðisbær greiða rúmar 50 milljónir í húsaleigu fyrir bókasafn, bæjarskrifstofu og upplýsingamiðstöð fyrir utan hússjóð en greiðslur í hann nema um 3 mkr. Samningurinn er óuppsegjanlegur og gildir til 25 ára.
- Framlag bæjarfélagsins til Brunamála hækkar um 4,3 mkr og munar þar um framlag Ölfusinga til reksturs slökkviliðsins en frá og með áramótum mun Slökkvilið Hveragerðisbæjar ekki lengur sinna vesturhluta Ölfuss eins og verið hefur í áratugi.

- Framlag til umferðar og samgöngumála hækkar um 12 mkr en þar ber að geta þess að framlag Bjargráðasjóðs uppá 16 milljónir kom til lækkunar þessa málaflokks árið 2009. Því verður dregið saman í framkvæmdum við gatnakerfið á árinu 2010.
- Framkvæmdir verða með allra minnsta móti en gert er ráð fyrir að gatnagerð sem hófst árið 2009 verði lokið á næsta ári og að framkvæmdir við umhverfisúrbætur, gangstéttar, göngustíga, kirkjugarð og við samningsbundna reiðvegagerð muni nema um 10 mkr. Þá er gert ráð fyrir að hafist verði handa við hönnun viðbyggingar við grunnskólann og í þeirri vinnu verði horft sérstaklega til mögulegrar áfangaskiptingar framkvæmdanna. Enn eru nokkrar lóðir lausar í bæjarfélaginu og því er ekki gert ráð fyrir nýframkvæmdum í gatnagerð á árinu.

Áætlaðar heildartekjur Hveragerðisbæjar (aðalsjóðs, A- og B- hluta) nema alls kr. 1.278 mkr. fyrir árið 2010. Þar af eru skatttekjur ráðgerðar kr. 799 milljónir. Framlög Jöfnunarsjóðs eru áætluð 177 mkr. og aðrar tekjur bæjarsamstæðu eru rétt um 300 mkr. Rekstrargjöld og reiknaðar afskriftir samstæðu nema um 1.200 mkr. Niðurstaða samstæðu án fjármagnsliða er því jákvæð um 77 milljónir sem er 6% af tekjum. Fjármagnsliðir eru áætlaðir 172 mkr og er rekstrarniðurstaða samstæðu því neikvæð um 95 mkr. Gert er ráð fyrir nokkurri lækkun fjármagnsliða milli ára en í áætlun er gert ráð fyrir 5% verðbólgu. Náist bönd á verðbólguna mun það aftur á móti beint skila sér í betri afkomu bæjarsjóðs og sem dæmi um það má nefna að verði verðbólga 3,5% þá mun niðurstaða ársins verða neikvæð um 67 mkr verði engin verðbólga á árinu 2010 mun samstæðan verða svo til hallalaus.

Í lok árs 2009 verða langtímaskuldir samstæðu 1.336 milljónir. Lífeyrisskuldbinding sveitarsjóðs verður 317 milljónir.

Afborganir langtímalána verða rúmlega 153 mkr og ný lántöku á árinu 2010, 70 mkr.

Nánari útfærsla einstakra liða mun koma fram í greinargerð sem lögð verður fram við síðari umræðu um fjárhagsáætlun þann 17. desember nk.

Gert er ráð fyrir að fullnýta heimildir til álagningar útsvars eða í 13,28%.

Fasteignaskattur af húsnæði í A-flokki verður 0,33% af fasteignamati en við gerð fjárhagsáætlunar árið 2007 var hann lækkaður úr 0,364%. Fasteignaskattur af húsnæði í B-flokki hækkar úr 0,88% af fasteignamati í 1,32% skv. ákvæðum laga um innheimtu fasteignaskatts af húsnæði í eigu ríkisins.

Tillaga um tekjuviðmið vegna afsláttar/niðurfellingar fasteignaskatts og holræsagjalds ellilífeyrisþega og öryrkja af íbúðarhúsnæði þeirra til eigin nota verða lagðar fram í bæjarráði í janúar.

### Almennar forsendur

Fjárhagsáætlun þessi byggir í meginatriðum á væntri verðlagsþróun eins og hún var kynnt á fjármálaráðstefnu sveitarfélaganna sem haldin var í október 2009. Launakostnaður er miðaður við fyrirbyggjandi launataxta. Forstöðumenn stofnana þurfa að mæta kjarasamningsbundnum hækkunum að einhverju leiti með aðhaldsaðgerðum á árinu.

### Málaflokkar

#### 00 Skatttekjur

Gert er ráð fyrir að heildarskatttekjur muni þróast með eftirfarandi hætti;

Ársreikningur 2008	Fjárhagsáætlun 2009	Fjárhagsáætlun 2010
1.000.262.000	972.462.000	977.431.000
Íbúafj. 1.12.2008	Íbúafj. 1.12.2008	Væntur íbúafj. 2010
22316	2308	2308

Hækkun skatttekna frá endurskoðaðri fjárhagsáætlun 2009 verður því um 0,5%, Byggir sú áætlun á væntri niðurstöður ársins 2009. Gert er ráð fyrir að íbúatala standi í stað.

## 00-01 Útsvar

Útsvarstekjur hafa þróast með eftirfarandi hætti;

Ársreikningur 2008	Fjárhagsáætlun 2009	Fjárhagsáætlun 2010
619.698.000	608.129.000	630.291.000

Í áætlun bæjarsjóðs er gert ráð fyrir að útsvarstekjur hækki um 3,6% á milli ára.

Álagningaprósenta útsvars er 13.28%. Er heimild til hámarksálagningar útsvars þar með fullnýtt.

## 00-06 Fasteignaskattur

Fasteignaskattur hefur þróast með eftirfarandi hætti:

Ársreikningur 2008	Fjárhagsáætlun 2009	Fjárhagsáætlun 2010
89.692.000	123.000.000	135.300.000

Ekki er hér tekið tillit til áætlaðra lækkana vegna ellilífeyrisþega og öryrkja samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar Hveragerðisbæjar en þess í stað eru þær lækkanir færðar á liðinn 02-47 Niðurgreidd þjónusta.

Álagning á íbúðarhúsnæði má að hámarki vera 0,500% og 1,320% á aðrar fasteignir.

Heimilt er að hækka álagningarhlutfallið í 0,625% á íbúðarhúsnæði og 1,650% á aðrar fasteignir og því fer fjarri að Hveragerðisbær fullnýti þá möguleika sem eru á álagningu fasteignaskatts.

Fasteignaskattur af húsnæði í B-flokki er áfram 1,32% skv. ákvæðum laga um innheimtu fasteignaskatts af húsnæði í eigu ríkisins. Í fjárhagsáætlun ársins 2009 er álagningaprósenta fasteignaskatts á íbúðarhúsnæði 0,33% en 1,6% á annað húsnæði.

## 00-08 Framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga

Í ársbyrjun 2003 var sett ný reglugerð um tekjujöfnunar- og þjónustuframlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga nr. 295/2003 er tók gildi í janúar 2003.

Í fjárhagsáætlun ársins er ekki gert ráð fyrir breytingu á skiptingu framlaga til sveitarfélaganna.

Gert er ráð fyrir að heildarframlög ársins 2010 nemi 177,69 mkr. og vega þar þýngst framlög vegna reksturs grunnskóla, 52,5 mkr., þjónustuframlags 69,9 mkr. og vegna tekjujöfnunar 20,8 mkr. Nemur áætluð lækkun framlaga Jöfnunarsjóðs um 8%.

Mikil óvissa ríkir um endanleg framlög Jöfnunarsjóðs til sveitarfélaganna en það fjármagn sem sjóðurinn hefur til úthlutunar endurspeglar tekjur ríkissjóðs sem erfitt hefur verið áætla fyrir næsta ár.

Ársreikningur 2008	Fjárhagsáætlun 2009	Fjárhagsáætlun 2010
224.165.00	203.547.000	177.690.000

## 02 Félagsþjónusta

Útgjöld þessa málaflokks hafa þróast með svofelldum hætti;

Ársreikningur 2008	Fjárhagsáætlun 2009	Fjárhagsáætlun 2010
74.526.000	92.377.000	86.336.000

Verkefni félagsþjónustu Hveragerðisbæjar eru skilgreind í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, þjónusta, aðstoð og ráðgjöf í tengslum við málaflokka eins og félagslega ráðgjöf, fjárhagsráðgjöf, félagslega heimþjónustu, málefni barna og unglinga, þjónustu við aldraða og fatlaða, húsnæðismál, aðstoð við áfengissjúka og vímuegjafavnir. Stór hluti af verkefnum félagsmálastjóra flokkast undir barnavernd.

Félagsmálastjóri vinnur að barnaverndarmálum í umboði Velferðarnefndar Hveragerðisbæjar, sem fer með verkefni barnaverndarnefndar Hveragerðisbæjar sbr. lög nr. 58/1992. Félagsmálastjóri er með fasta viðverutíma á bæjarskrifstofu Hveragerðisbæjar alla daga.

Aukinn kostnaður málaflokksins frá árinu 2008 felst að stærstu leyti í breyttri færslu afsláttar eldri borgara og öryrkja á fasteignagjöldum. Kostnaður við akstur fatlaðra kom til af fullum þunga árið 2008 en árið 2007 hófst aksturinn síðar en áætlað var vegna þess hve opnun sambylisins við Birkimörk seinkaði. Sérstakar húsaleigubætur voru teknar upp árið 2008.

## 02-01 Velferðarnefnd

Gert er ráð fyrir að Velferðarnefnd fundi eigi sjaldnar en 6 sinnum á ári en hér þó gert ráð fyrir 12 eða að jafnaði einum fundi í mánuði.

## 02-02 Félagsmálastjóri

Félagsmálastjóri er í 100% stöðu hjá Hveragerðisbæ. Á árinu 2007 varð sú breyting að yfirmaður heimilishjálpar sagði upp störfum og var félagsráðgjafi ráðinn í hennar stað en kostnaður vegna þeirrar stöðu færist nú frá heimilishjálpi yfir á félagsmálastjóra. Staðan var 50 %. Á árinu 2009 lét viðkomandi starfsmaður af störfum og ekki hefur verið ráðið í hennar stað. Því mun launakostnaður deildarinnar lækka.

## 02-11 Fjárhagsaðstoð

Miðað er við reglur um fjárhagsaðstoð sem samþykktar voru á fundi bæjarstjórnar hinn 13. desember 2001. Gert er ráð fyrir lækkun um 12 % frá áætlun 2009 og miðast sú áætlun við vænta niðurstöðu ársins 2009. Enn hefur ekkert það gerst í efnahagslegu umhverfi þjóðarinnar sem gefur tilefni til að ætla að fjárhagsaðstoð sveitarfélaga muni minnka umtalsvert.

Ársreikningur 2008	Fjárhagsáætlun 2009	Fjárhagsáætlun 2010
9.214.000	20.500.000	18.000.000

## 02-18 Húsaleigubætur

Greiðslur húsaleigubóta byggja á lögum nr. 138/1997. Markmið laganna er að lækka húsnæðiskostnað tekjulágra leiggjenda og draga úr aðstöðumun á húsnæðismarkaðnum.

Reglugerð nr. 9/2000 greinir frá rétti leiggjenda til húsaleigubóta. Sérstakar húsaleigubætur voru teknar upp árið 2008. Ekki er gert ráð fyrir mikilli hækkun húsaleigubóta á árinu 2010. En þær hækkuðu mjög mikið á milli áráanna 2008 og 2009.

Ársreikningur 2008	Fjárhagsáætlun 2009	Fjárhagsáætlun 2010
5.818.000	10.725.000	10.995.000

## 02-3 Þjónusta við börn og unglinga.

Undir þennan lið bókast kostnaður vegna barnaverndarmála. Gert er ráð fyrir lækkun kostnaðar á þessum lið sem skýrist helst af því að tekist hefur að ráða fagmenntaðan aðila í tilsjón sem minnkar kostnað vegna vistunar barna utan lögheimilis.

Ársreikningur 2008	Fjárhagsáætlun 2009	Fjárhagsáætlun 2010
10.227.000	6.222.000	5.090.000

## 02-4 Þjónusta við aldraða.

Gert er ráð fyrir 3,33 stöðugildum í heimilishjálpi fyrir aldraða.

Hveragerðisbær og Félag eldri borgara í Hveragerði gerðu með sér samkomulag um aðkomu Hveragerðisbæjar að eflingu félagsstarfs aldraða. Á árinu 2001 samþykkti Hveragerðisbær að leggja félaginu til fjárframlag til að standa strauum af kostnaði við starfsmann í ½ stöðugildi sem ætlað er að huga að fristundaiðkun félagsmanna. Sérstakur þjónustusamningur var gerður utanum samstarf bæjarins og Félags eldri borgara árið 2003.

Á árinu 2006 var opnuð dagvistun aldraða að Lækjarbrún 9 en áður var í gildi samningur við Dvalarheimilið Ás um dagvistunina.



Í árinu 2007 fékkst samþykki ríkisins fyrir greiðslu 5 dagvistarplássna.

Á árinu 2009 var ákvörðun tekin um yfirtöku Dvalarheimilisins Áss á rekstri Dagvistunar skv. sérstökum samningi þar um. Um leið keypti Dvalarheimilið Ás gömlu bæjarskrifstofuna og rekur þar dagdvölinna ásamt hjúkrunar- og hvíldarrýmum. Ríkið greiðir framlag vegna dvalar 5 einstaklinga í dagdvöl.

Tekjutenging fasteignaskatts ellilífeyrisþega var tekin upp á árinu 2003 en árið 2004 bættist einnig við tekjutenging holræsagjalds hvað þessa hópa varðar. Afsláttur elli- og örorkulífeyrisþega á fasteignagjöldum færist nú á þennan lið en kom áður til frádráttar fasteignagjalda. Gert er ráð fyrir að sú upphæð geti numið allt að 8,6 mkr.

Einnig færist á þennan lið kostnaður vegna leigubílaþjónustu aldraðra kr. 900 þúsund.

Árið 2010 mun bæjarfélagið styrkja Félag eldri borgara um 750 þúsund vegna kostnaðar sem fallið hefur á félagið vegna viðgerðar á sameign

Breyting varð á árinu 2009 hvað varðar slátt hjá eldri borgurum og öryrkjum en nú þarf að sækja sérstaklega um þá þjónustu til félagsmálastjóra sem metur hvort viðkomandi þurfi á slíkri þjónustu að halda. Frá og með árinu 2010 er kostnaður vegna þessa liðar kr. 500 þúsund færður á félagsþjónustu.

Heildarframlög til málefna aldraðra eru samkvæmt eftirfarandi töflu.

Ársreikningur 2008	Fjárhagsáætlun 2009	Fjárhagsáætlun 2010
26.671.000.	27.707.000	27.323.000

## 02-5 Þjónusta við fatlaða.

Í 24. gr. og 35. gr. laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðra er gert ráð fyrir að sveitarfélög skuli eftir föngum gefa fötluðum kost á félagslegri liðveislu. Með liðveislu er átt við persónulegan stuðning og aðstoð sem miðar að því að rjúfa félagslega einangrun t.d. með aðstoð til að njóta menningar og félagslífs.

Greinargerð með fjárhagsáætlun Hveragerðisbæjar fyrir árið 2010

---

Á árinu 2007 var opnað sambýli fatlaðra í Hveragerði en Hveragerðisbær sér um ferðaþjónustu fatlaðra í sveitarfélaginu. Bifreið var keypt árið 2007 og bílstjóri ráðinn til að sinna ferðaþjónustu vegna sambýlisins. Einnig sinnir bílstjórinn akstri til og frá dagdvöl. Gert er ráð fyrir um það bil 1 stöðugildi í félagslega liðveislu fyrir fatlaða en vinnan er yfirleitt unnin utan hefðbundins vinnutíma.

Ársreikningur 2008	Fjárhagsáætlun 2009	Fjárhagsáætlun 2010
7.766.000	9.425.000	11.105.000

## 04 FRÆÐSLUMÁL

Útgjöld þessa málaflokks hafa þróast með svofelldum hætti;

Ársreikningur 2008	Fjárhagsáætlun 2009	Fjárhagsáætlun 2010
525.054.000	553.518.000	551.532.000

### 04-01 Fræðslunefnd

Í samþykktum bæjarins er gert ráð fyrir að Fræðslunefnd fundi eigi sjaldnar en 6 sinnum á ári en hér þó gert ráð fyrir 6 fundum á árinu.

### 04-02 Skólaskrifstofa Suðurlands bs.

Hveragerðisbær er aðili að Skólaskrifstofu Suðurlands bs. skv. stofnsamningi. Skrifstofan annast eftirtalin verkefni fyrir Grunnskólann í Hveragerði; sálfræðipjónustu, kennslufræðilega ráðgjöf, endurmenntun kennara, aðgang að gagnasafni og eftirlit með Sérdeild Suðurlands. Í byrjun árs 2003 jók Hveragerðisbær kaup sín á þjónustu frá skólaskrifstofunni og hætti þess í stað talmeinakennslu á eigin vegum.

### 04-10 Dagvistir barna

Í Hveragerði eru reknir tveir leikskólar, Undraland og Óskaland.

Starfsemi skólanna er með hefðbundnum hætti og er unnið eftir uppeldisáætlun Menntamálaráðuneytisins. Unnið er eftir því markmiði að öllum börnum 18 mánaða og eldri bjóðist leikskóladvöl.

Foreldrar geta keypt 15 mínútna vistun fyrir og eftir umsaminn vistunartíma. Frá og með 1. janúar 2006 fengu öll 5 ára börn 5 stundir gjaldfrjálsar við leikskólana. Frá og með 1. janúar 2008 bættist við 1 stund í viðbót þannig að öll 5 ára börn fá 6 tíma gjaldfrjálsa á dag.

Gert er ráð fyrir 5% hækkun gjaldskrár vegna vistunar en gert er ráð fyrir að 10% hækkun verði á verði máltíða í leikskólunum til að mæta verðlagshækkunum. Frá og með áramótum munu breytingar verða á vistunargjaldi á tímanum milli kl. 16 og 17 og á "korterunum" þar sem sú vistun fer fram utan hefðbundins dagvinnutíma. Eitt korter á dag mun

kosta kr. 1.500 pr mánuð og klukkustundin milli 16 og 17 kr. 6.000 pr. mánuð. Nýjar reglur hafa verið settar varðandi innritun og gjöld á leikskólum bæjarins og hafa þar verið gerðar ákveðnar aðlaganir varðandi afsláttarkjör.

Sumarfrí leikskólanna verði samfellt í 5 vikur og skarist ekki.

Gjald fyrir dagvistun frá 1.1. 2010 er sem hér segir;

4 klst. + hressing	11.900
5 klst. + hressing + hádegi	18.730
6 klst. + hressing + hádegi	22.930
8 klst. + hressing x 2 + hádegi	28.000
9 klst. + hressing x 2 + hádegi	34.000

#### 04-11 Leikskólinn Undraland

Rekstrarkostnaður Undralands hefur þróast með svofelldum hætti;

Ársreikningur 2008	Fjárhagsáætlun 2009	Fjárhagsáætlun 2010
48.092.000	51.107.000	53.578.000

- 0990-1 Endurgreiðsla Sveitarfélagsins Ölfuss. Reiknað er með að 2,35 barngildi verði nýtt fyrir börn úr Ölfusi að meðaltali á Undralandi á árinu 2010.
- 1110-1 Stöðugildi eru 14,61 þar af eru 6 leikskólakennarar í 4,72 stöðugildum.

Á árinu 2009 var haldið áfram með endurbætur á húsnæði leikskólans og meðal annars var salernisaðstaða barnanna bætt, kaffiaðstaða starfsmanna og aðstaða í eldhúsi.

Frá og með sumarfríi á Undralandi mun leikskólinn ekki lengur bjóða uppá vistun til kl.17 heldur mun leikskólinn loka kl. 16:15. Munu því þau börn sem þarfnast vistunar til kl. 17 flytjast yfir á Óskaland. Foreldrum verði gerð grein fyrir breytingunni hið allra fyrsta.

#### 04-12 Leikskólinn Óskaland

Á miðju ári 2004 var tekið í notkun nýtt húsnæði fyrir leikskólann Óskaland. Stækkaði hann þá úr eins deilda leikskóla í tveggja deilda. Á árinu 2007 var byggingin fullkláruð með tilkomu tveggja nýrra deilda við skólann. Þó nokkur aukning hefur orðið í hópi leikskólakennara og annarra með sambærilega menntun.

Rekstrarkostnaður Óskalands hefur þróast með svofelldum hætti;

Ársreikningur 2008	Fjárhagsáætlun 2009	Fjárhagsáætlun 2010
86.662.000	86.794.000	91.518.000

- 0990-1 Á þennan lið er færð endurgreiðsla Sveitarfélagsins Ölfuss sem er tilkomin vegna tilfærslu umsaminna plássá á Undralandi. Reiknað er með að 4,82 barngildi verði nýtt fyrir börn úr Ölfusi að meðaltali á Óskalandi á árinu 2010.
- 1110-1 Launakostnaður. Stöðugildi eru 22,7 þar af eru 11 leikskólakennarar eða starfsmenn með sambærilega menntun í 10 stöðugildum. Fagmenntuðum starfsmönnum

hefur því fjölgað frá síðasta ári um 1 og stöðugildum um 2,53. Ástæða þess er fjölgun barna á deildum og einnig hefur verið ráðinn starfsmaður í stuðning með fötluðum nemanda.

#### 04-17 Dagmæður

Í ársbyrjun 2006 voru teknar upp niðurgreiðslur daggjalda barna sem vistuð eru hjá dagmæðrum. Gert er ráð fyrir örflitlli hækkun á þessum lið sem miðar við áætlaða niðurstöðu ársins 2008.

#### 04-23 Námsvistargjöld

Á þennan lið færast kostnaður Hveragerðisbæjar vegna greiðslna sem bærinn þarf að inna af hendi vegna barna með lögheimili í Hveragerði sem stunda nám í grunnskólum utan lögheimilissveitarfélags.

#### 04-24 Grunnskólinn í Hveragerði

Grunnskólinn var einsettur haustið 2002. Útgjöld til hans hafa þróast með eftirfarandi hætti:

Ársreikningur 2008	Fjárhagsáætlun 2009	Fjárhagsáætlun 2010
339.344.000	369.585.000	361.645.000

- 0540-1 Sala matarmiða í mötuneyti. Gert er ráð fyrir 18% hækkun á matarmiðum til að mæta verðlagshækkunum undanfarinna ára. Hver máltíð mun því kosta kr. 260,-
- 0990-1 Endurgreiðsla Sveitarfélagsins Ölfuss, en alls stunda nú 26 börn úr Ölfusi nám í grunnskólanum sem er fækkun um 4 börn frá fyrra ári.
- 1110-1 Alls eru 56,48 stöðugildi við grunnskólann sem er óveruleg fækkun eða um 0,17 stöðugildi frá fyrra ári.

Stöðugildi fyrir utan kennara og skólastjórnendur eru 15,1 sem greinist þannig; stuðningsfulltrúar 3,5 ritari 1,0 þroskajálfi 1,0 húsvörður 1,0 matráðskona 2,0 og skólaliðar 6,6.

Aðalstörf skólaliða er gæsla í frímínútum, vinna í tengslum við mötuneyti og ræstingar auk gangbrautarvörslu

Aðalstörf stuðningsfulltrúa er aðstoð í kennslu og gæsla í frímínútum.

Stöðugildi kennara að meðtöldum stöðugildum skólastjóra og aðstoðarskólastjóra eru 41,38 sem er fjölgun um 1,43 frá fyrra ári.

Gjaldfærð afnot af íþróttahúsi og sundlaug taka þau mið af raunkostnaði við rekstur umræddra mannvirkja.

#### **04-31 Frístundaskóli**

Skólasel var sett á laggirnar í upphafi skólaársins 2000-2001. Skólaselið kallast nú frístundaskóli og er rekið á ábyrgð grunnskólans í húsnæði Kvenfélags Hveragerðis við Fljótsmörk sem Hveragerðisbær hefur á leigu til 10 ára. Vegna fjölda barna í frístundaskólanum hefur reynst nauðsynlegt að nýta einnig "Mjólkurbúið" undir starfseminna eins og síðastliðið ár.

Gjaldskrá hækkar um 15 krónur pr. klukkustund frá fyrra ári. Systkinaafsláttur gildir á milli dagmæðra, leikskóla og frístundaskóla.

Á fyrri árum hefur verið mikil samnýting starfsmanna milli grunnskóla og frístundaskóla og laun í nokkrum tilfellum færð á grunnskóla sem hefðu í raun réttu átt að færast á frístundaskólann. Lagfæringar hafa verið gerðar til að sjá megi raunkostnað frístundaskóla. Alls eru stöðugildi frístundaskóla 3,8.

Gert er ráð fyrir að 65 börn sæki frístundaskóla.

Gjaldskrá 2008	Gjaldskrá 2009	Gjaldskrá 2010
125	140	155

#### **04-51 Tónlistarskóli**

Hveragerðisbær er aðili að Tónlistarskóla Árnesinga og verður kostnaðarhlutdeild í samræmi við fjárhagsáætlun skólans. Á þennan lið færast einnig kostnaður vegna nemenda sem bæjarstjórn hefur samþykkt greiðslur fyrir í tónlistarskóla á höfuðborgarsvæðinu.

Frá og með hausti 2010 er ekki gert ráð fyrir að Hveragerðisbær greiði framlag vegna nemenda í tónlistarnámi sem náð hafa 20 ára aldri. Vinna við yfirtöku ríkisins á kennslukostnaði vegna þessara nemenda hefur lengi verið í gangi og eru bundnar vonir við að niðurstaða þeirra viðræðna liggji fyrir áður en næsta skólaár gengur í garð.

Ársreikningur 2008	Fjárhagsáætlun 2009	Fjárhagsáætlun 2010
19.551.000	21.364.000	20.921.000

## 05 Menningarmál

Útgjöld þessa málaflokks hafa þróast með svofelldum hætti;

Ársreikningur 2008	Fjárhagsáætlun 2009	Fjárhagsáætlun 2010
42.732.000	41.654.000	43.291.000

### 05-21 Bókasafnið í Hveragerði

Útgjöld þessa málaflokks hafa þróast með svofelldum hætti;

Ársreikningur 2008	Fjárhagsáætlun 2009	Fjárhagsáætlun 2010
25.360.000	25.382.000	27.476.000

Forstöðumaður er í 80% starfi og bókaverðir í 180% starfi við safnið.

Gert er ráð fyrir að rekstur safnsins verður áfram með svipuðu sniði, fjármagn til bókakaupa og kaupa á nýsigögnum verður 1,950 mkr. Á liðinn annar rekstrarkostnaður er settur kr. 200 þús sem getur nýst til menningaraukandi starfsemi að vali forstöðumanns.

### 05-31 Héraðsskjalasafn Árnessýslu

Framlagið er í samræmi við samþykkt héraðsnefndar.



### **05-33 Byggða- og listasafn**

Framlagið er í samræmi við samþykkt héraðsnefndar.

### **05-72 Hátíðahöld**

Á þennan útgjaldalið er færður kostnaður vegna hátíðarhalda t.d. Blómstrandi daga, 17. júní og fleiri. Bæjarhátíðin Blómstrandi dagar hefur fyrir löngu fest sig í sessi sem hápunktur sumarstarfs bæjarbúa og verður haldin þriðju helgina í ágúst eða 20. - 22. ágúst 2010.

Ekki er gert ráð fyrir framlagi til Tónlistarhátíðarinnar Bjartra sumarnátta en ekki er loku fyrir það skotið að hátíðin geti þó orðið að veruleika fáist utanaðkomandi styrkir til hennar. Tónlistarhátíðin Bjartar sumarnætur var endurvakin árið 2007 en listrænir stjórnendur hátíðarinnar hafa frá upphafi verið Gunnar Kvaran og Guðný Guðmundsdóttir.

Framlög til einstakra hátíða verða með eftirfarandi hætti:

Blómstrandi dagar	1.000.000,-
17. júní	700.000,-
Sumardagurinn fyrsti	150.000,-

### **05-81 Leikfélag**

Gerður hefur verið þjónustusamningur við Leikfélag Hveragerðis sem m.a. tryggir félaginu fast fjárframlag kr. 250 þúsund auk niðurfellingar fasteignagjalda og framlags vegna verka sem innt verða af hendi.

### **05-83 Söngsveit Hveragerðis**

Í gildi er þjónustusamningur við Söngsveitina um fast framlag kr. 100.000.

### **05-87 Kirkjusöfnuður**

Framlag til Hveragerðiskirkju, safnaðar og skrifstofu sóknarprests að Bröttuhlíð í formi niðurfellingar fasteignagjalda.

## 05-95 Menningarsamningur Suðurlands

Framlag Hveragerðisbæjar til menningarsamnings Suðurlands er kr. 890 þúsund.

## 05-99 Ýmsir styrkir

Gerður hefur verið samningur við Listasafn Árnesinga sem tryggir samstarf Hveragerðisbæjar og safnsins og auka á menningartengda starfsemi í bæjarfélaginu. Framlag til safnsins verður 3,5 mkr.

## 06 ÆSKULÝÐS- OG ÍPRÓTTAMÁL

Útgjöld þessa málaflokks hafa þróast með svofelldum hætti;

Ársreikningur 2008	Fjárhagsáætlun 2009	Fjárhagsáætlun 2010
101.811.000	99.844.000	102.575.000

## 06-01 Menningar, íþrótt- og frístundanefnd

Á árinu 2008 voru menningar- og bókasafnsnefnd og íþrótt- og æskulýðsnefnd sameinaðar í eina nefnd sem ber heitið menningar-íþrótt- og frístundanefnd.

Gert er ráð fyrir að Menningar, íþrótt- og frístundanefnd fundi eigi sjaldnar en 6 sinnum á ári.

Til sérstakra nota nefndarinnar eru settar 800 þúsund sem skiptast á eftirfarandi verkefni:

Sumarbæklingur	100.000
Menningar skilti	200.000
Menningarviðurkenning 17. júní	50.000
Afreksjóður	400.000
Íþróttamaður ársins	50.000

## **06-02 Menningar- og frístundafulltrúi.**

Menningar, íþróttar og frístundafulltrúi er í 100% stöðu hjá Hveragerðisbæ. Nýr starfsmaður tók til starfa á árinu 2008 í kjölfar breytinga á skipuriti bæjarins.

## **06-10 Aðrir leikvællir**

Á þennan lið er færður kostnaður vegna viðhalds leikvalla en gert er ráð fyrir að 450 þúsund fari til viðhalds og endurnýjunar leikvalla.

## **06-27 Vinnuskólinn-unglingavinna**

Vegna óvissu um möguleg sumarstörf fyrir unglinga bæjarins er gert ráð fyrir auknu framlagi til vinnuskólans en það fer úr 11 mkr í 13 mkr.

## **06-31 Félagsmiðstöð**

Félagsmiðstöð grunnskólabarna er rekin í húsnæði skólans og undir handleiðslu kennara. Þar er gert ráð fyrir öflugri starfsemi næsta ár. Ópið er tvo seinniparta fyrir miðstígg og tvö kvöld vikunnar fyrir unglíngastígg. Milli 60-90 krakkar mæta að jafnaði á opin hús miðstígg og eins hafa unglíngarnir sótt félagsmiðstöðina vel.

## **06-35 Drift - miðstöð atvinnuleitenda**

Á árinu 2010 er enn gert ráð fyrir nokkru atvinnuleysi vegna þess efnahagsástands sem þjóðin býr nú við. Bæjarstjórn hóf á árinu 2009 samvinnu við Hveragerðisdeild Rauða Kross Íslands um rekstur á miðstöð þeirra sem eru í atvinnuleit. Miðstöðin hefur hlotið nafnið Drift og er rekin í húsnæði RKÍ hér í bæ. Til starfseminnar eru settar 800 þúsund á árinu 2010. Félagsmálastjóri er tengiliður bæjarins við verkefnið.

## **06-51 Íþróttahús**

- 0740-1Reiknuð afnot skóla. Á þennan lið eru færð áætluð not grunnskólans.
- 0770-1Reiknaðar tekjur frá Íþróttafélagi. Á þennan lið eru færð áætluð not Íþróttfélagsins Hamars.
- 1110-1Launakostnaður. Stöðugildi eru alls 3,3.

## 06-55 Sundlaug

- 0570-1Aðgangseyrir.

	Stakt skipti	10 miða kort	Árskort
<b>Fullorðnir</b>	380	2.410	26.640
<b>Börn</b>	150	720	

Frá og með 1. júlí 2006 hafa börn og ungmenni að 18 ára aldri sem búsett eru í Hveragerði fengið ókeypis aðgang að sundlauginni í Laugaskarði. Frá og með 1. desember 2006 hafa einnig þau börn og ungmenni sem búsett eru í Ölfusi en stunda nám við Grunnskólann í Hveragerði notið sömu réttinda. Tekjur virðast ekki minnka þrátt fyrir þessar ákvarðanir og því má leiða að því líkum að þessi ákvörðun hafi aukið aðsókn að lauginni.

- 0740-1Reiknuð afnot skóla. Á þennan lið eru færð áætluð not grunnskólans af sundlauginni.
- 0770-1Reiknaðar tekjur frá Íþróttafélagi. Á þennan lið eru færð áætluð not Íþróttfélagsins Hamars.
- 0790-1Sundfata- og handklæðaleiga.

<b>Handklæði</b>	kr.	310
<b>Sundfatnaður</b>	kr.	310

- 1110-1Launakostnaður. Stöðugildi eru alls 5,15.
- Opnunartími sundlaugar breyttist á árinu 2009 og opnar nú laugin kl. 7 á morgnana og lokar kl. 20:30 mánudaga til fimmtudags. Á föstudögum opnar laugin kl. 7 en lokar kl. 17:30.

## **06-56 Aðstöðuhús við Grýluvöll**

Árið 2009 var nýtt aðstöðuhús við Grýluvöll tekið í notkun. Það hýsir tvo stóra búningaklefa auk dómaraherbergis með baðaðstöðu, boltageymslu, skrifstofu og ýmiss annars nauðsynlegs rýmis. Ekki er gert ráð fyrir starfsmanni við húsið í fullu starfi en einn starfsmaður sundlaugar hefur eftirlit með húsinu yfir vetrartímann. Síðastliðið sumar fékkst styrkur til starfsmannahalds við húsið frá Vinnuálastofnun og gert er ráð fyrir svipuðu fyrirkomulagi næsta sumar. Yfirumsjón með rekstri þess hefur menningar- og frístundafulltrúi.

## **06-61 Íþróttavellir**

Undir þennan lið fellur kostnaður við rekstur íþróttavalla annarsvegar á Vorsabæjarvöllum og hinsvegar undir Hamrinum, vestan Dynskóga.

- 0770-1Reiknaðar tekjur frá íþróttafélagi. Á þennan lið eru færð áætluð not íþróttafélagsins Hamars.
- 4660-1Gert er ráð fyrir kostnaði sem felst í nauðsynlegum endurbótum á búnaði og viðhaldi vallanna, 1,2 mkr.
- 9990-1Annar rekstrarkostnaður. Golfklúbbur Hveragerðis sér um að slá völlinn á Vorsabæjarvöllum og völlinn undir Hamrinum skv. sérstökum samningi.

## **06-81 Íþróttafélagið Hamar**

- 9240-1Reiknuð afnot íþróttamannvirkja. Framlagið er reiknuð afnot íþróttafélagsins Hamars af íþróttahúsi, sundlaug, íþróttavöllum og aðstöðuhúsi Hveragerðisbæjar. Liðurinn hefur hækkað frá fyrra ári þar sem raunkostnaður við rekstur mannvirkjanna hefur hækkað.
- 9420-1Framlag til íþróttastarfs. Beinn fjárstuðningur til íþróttafélagsins Hamars mun nema kr. 5,9 milljónum. Er það

samkvæmt samningi sem í gildi er milli Hveragerðisbæjar og Hamars.

Undanfarin ár hefur bæjarfélagið boðið uppá lengri tómstundanámskeið fyrir yngri börn sem tryggir þeim örugga afþreyingu frá 8-17 alla virka daga. Hefur þetta fyrirkomulag gefist vel. Í nýjum samningi milli Hamars og Hveragerðisbæjar er gert ráð fyrir yfirtöku félagsins á þessum námskeiðum og því er þar gert ráð fyrir framlagi kr 300 þ til starfsins.

#### **06-84 Hestamannafélagið Ljúfur**

Gerður hefur verið þjónustusamningur við Hestamannafélagið Ljúf og nemur beinn fjárstuðningur kr. 650 þúsund, innifalið í þeirri upphæð eru 250 þúsund krónur sem eyrnamerkta eru til námskeiðahalds fyrir börn og unglinga, Auk þessa er gert ráð fyrir framlagi til niðurfellingar fasteignagjalda og vinnu frá áhaldahúsi.

#### **06-84 Styrkir til Golfklúbbs Hveragerðis.**

Styrkir til Golfklúbbs Hveragerðis. Gert er ráð fyrir fjárstyrk til Golfklúbbs Hveragerðis kr. 3,2 milljónir, innan þeirrar upphæðar er gert ráð fyrir framlagi til félagsins vegna námskeiða fyrir börn og unglinga kr. 200 þúsund en sérstakur framkvæmdastyrkur verður ekki á árinu 2010. Auk þess er gert ráð fyrir framlagi frá áhaldahúsi og vinnuskóla. samkvæmt þeim samningi sem undirritaður var árið 2006.

### **07 BRUNAMÁL OG ALMANNAVARNIR**

Útgjöld málaflokksins hafa þróast á svofelldan hátt;

Ársreikningur 2008	Fjárhagsáætlun 2009	Fjárhagsáætlun 2010
16.121.000	16.611.000	20.878.000

Frá og með 1.janúar 2010 munu Ölfusingar ekki lengur vera aðilar að Slökkviliði Hveragerðisbæjar svo sem þeir hafa verið í áratugi. Við þá

breytingu mun útkallsfjöldi liðsins minnka en þó ekki svo að það komi að fullu til móts við þá skerðingu á tekjum sem stefnir í vegna uppsagnar samningsins. Því er hér gert ráð fyrir umtalsverðri aukningu á framlagi ársins. Vonir standa til að samningar verði gerðir milli Brunavarna Árnessýslu og Hveragerðisbæjar um þjónustu á vestursvæði Ölfuss.

### **07-21 Slökkvistöð**

Á árinu 2008 flutti slökkviliðið í nýja glæsilega slökkvistöð að Austurmörk 20, þar öll aðstaða fyrir brunaverði og búnað eins og best verður á kosið. Góð búningaástaða og rúmgóð kaffistofa sem ennfremur getur nýst sem fundarherbergi.

Framlag til viðhalds áhalda verður 500 þúsund.

### **07-41 Almannaþingarnefnd**

Almannaþingarnefndir í Árnessýslu hafa verið sameinaðar í eina nefnd en gert er ráð fyrir öðrum rekstrarkostnaði við málaflokkinn kr. 400 þúsund.

### **07-83 Framlög til skáta**

Á árinu 2008 voru undirritaðir þjónustusamningar við bæði Hjálparveit Skáta og Skátafélagið Strók. Í þeim er HSSH tryggt framlag uppá 2,3 mkr. en Stróki 1.3 mkr. Skiptast þessi framlög í beinan fjárstuðning, námskeiðshald fyrir börn og unglinga og önnur viðvik.

## **08 HREINLÆTISMÁL**

Útgjöld málaflokksins hafa þróast á svofelldan hátt;

Ársreikningur 2008	Fjárhagsáætlun 2009	Fjárhagsáætlun 2010
6.387.000	4.911.000	5.004.000

Samkvæmt ábendingu endurskoðanda var bókhaldi breytt árið 2007 í þá veru að Sorphirða Hveragerðis hætti að vera B-hluta fyrirtæki en færðist þess í stað undir bæjarsjóð í málaflokk 08-hreinlætismál. Þessi breyting olli breyttri rekstrarafkomu sveitarsjóðs A-hluta þar sem umtalsvert tap hefur verið á rekstri sorphirðu í sveitarfélaginu.

Við lokun urðunarstaðarins að Kirkjuferjuháleigu þann 1. desember 2009 mun kostnaður óumflýjanlega aukast við þennan málaflokk. Öllu sorpi sem fer til urðunar er nú ekið að urðunarstað í Álfsnesi en þar eru urðunargjöld ríflega 300% hærrí en var á Kirkjuferju. Því er mikilvægt



að leitað verði allra leiða til að minnka það sorp sem fer til urðunar. Í ljósi þessa var tekin sú ákvörðun árið 2009 að auka flokkun til mikilla muna og innleiða í bæjarfélaginu svokallað þriggja tunnu kerfi en þar er endurvinnanlegt sorp flokkað sérstaklega og lífrænt sorp einnig en það er síðan jarðgert í sérstakri jarðgerðarstöð sem staðsett er á Selfossi. Með þessu móti vonast bæjaryfirvöld til að kostnaður sem óhjákvæmilega félli annars á bæjarbúa verði mun minni en ella. Þrátt fyrir þessar aðgerðir reynist nauðsynlegt að hækka gjaldskrár sorphirðu og sorpurðunar í sveitarfélaginu frá og með 1. janúar 2010.

Sorphirðugjald verður því 12.000,- pr íbúð, sorpurðunargjald verður 12.000,- pr. íbúð.

### **08-05 Heilbrigðiseftirlit**

Embætti heilbrigðisfulltrúans á Suðurlandi sem staðsett er á Selfossi, hefur á hendi framkvæmd heilbrigðisreglugerðar og sinnir eftirliti í því sambandi í Hveragerði.

- 9410-1 Hveragerðisbær greiðir til rekstur embættis Heilbrigðiseftirlits Suðurlands hlutfallslega í samræmi við íbúafjölda.

### **08-21 Sorphreinsun**

Tekjur vegna álagningar sorphirðugjalda, sbr. gjaldskrá nema 9,4 mkr. Kostnaður vegna sorphirðu í bæjarfélaginu nemur kr. 8,9 milljónum.

### **08-22 Gámasvæði**

Hveragerðisbær starfrækir gámasvæði við áhaldahús bæjarins við Bláskóga.

Gerð er breyting á opnunartíma gámasvæðis til að koma til móts við þann kostnað sem af rekstri þess hlýst. Opnunartími þess verður eftirfarandi frá og með 1. janúar 2010:

Virkir dagar frá kl. 16:00 til kl. 18:00.  
Laugardagar frá kl. 14:00 til kl. 18:00.  
Sunnudagar Lokað.

frá 15. maí til 31. ágúst:

Virkir dagar frá kl. 15:00 til kl. 18:00.  
Laugardagar frá kl. 14:00 til kl.18:00.  
Sunnudagar Lokað.

Eins og sést er opnunartími lengri á sumrin, Inn á þennan lykil færast gjöld vegna reksturs svæðisins. Kostnaður Hveragerðisbæjar vegna reksturs gámasvæðis nemur kr.3,9 mkr.

### 08-23 Sorpurðun

Hveragerðisbær er aðili að Sorpstöð Suðurlands og mun urða sorp að Álfsnesi skv. samningi þar um. Inn á þennan lykil færast gjöld vegna urðunar á heimilissorpi og almennu sorpi frá gámasvæðinu við Bláskóga. Á tekjuliðinn færast sorpurðunargjald sem innheimt er af heimilum. Tekjur vegna sorpurðunargjalds nema kr. 9,4 milljónum. Gjöld vegna urðunar verða kr. 8,9 mkr.

### 08-57 Dýraeftirlit

Árgjald hundaleyfis verður kr. 14.500 á dýr og er innifalið í gjaldinu m.a. merki, árleg hreinsun og trygging. Skráningargjald verður kr. 15.000. Afsláttur er gefinn 25% af árgjaldi hafi eigandi hunds sótt námskeið í hundauppeldi. Örorku- og ellilífeyrisþegar fá sama afslátt. Á þennan útgjaldalið er einnig færður kostnaður vegna hundaeftirlits.

Samningur er við Kristján Jónsson um dýraeftirlit og við Blikksmiðju Suðurlands ehf, að Byggðarhorni í Flóa, um geymslu á dýrum sem dýraeftirlitsmaður fangar.

## 09 SKIPULAGS- OG BYGGINGAMÁL

Útgjöld þessa málaflokks hafa þróast með svofelldum hætti;

Ársreikningur 2008	Fjárhagsáætlun 2009	Fjárhagsáætlun 2010
12.340.000	22.992.000	9.645.000

### 09-21 Skipulags- og byggingarnefnd.

Gert er ráð fyrir 10 fundum skipulags- og byggingarnefndar á árinu sem er fækkun miðað við fyrri ár.

**09-52 Bygginga- og tæknideild**

Gert er ráð fyrir að tæknideild vinni hluta af tæknivinnu bæjarins, sjái um útboð, tilboð og hafi eftirlit með þeim verkum sem í gangi eru á hverjum tíma. Gjaldskrá byggingargjalda, mun eins og ávallt, breytast um áramót en þrátt fyrir það er gert ráð fyrir óbreyttum tekjum milli ára eða 1,5 mkr.

Á árinu 2008 var ráðinn mannvirkja- og umhverfisfulltrúi sem tekið hefur við ýmsum verkefnum deildarinnar svo sem yfirstjórn áhaldahúss, umhverfismálum, yfirumsjón eignasjóðs og fleiru. Á árinu 2010 er gerð sú breyting að stofnaður er nú deild mannvirkja og umhverfisfulltrúa undir umhverfismálum og því færast kostnaður vegna þess starfsmanns af bygginga- og tæknideild og yfir á umhverfiseild. Skýrir þessi breyting m.a. þá lækkun sem nú verður á kostnaði bygginga- og tæknideildar.

- 0750-1Reiknuð önnur þjónusta til eiganda. Gert er ráð fyrir að stofnanir bæjarins taki þátt í rekstri bygginga- og tæknideildar sem hér segir:

Eignasjóður Hveragerðisbæjar	Kr. 3.751.000
Félagsbústaðir Hveragerðisbæjar	Kr. 322.000
Fráveita Hveragerðisbæjar	Kr. 643.000
Vatnsveita Hveragerðisbæjar	Kr. 643.000
Þjónustumiðstöð Hveragerðisbæjar	Kr. 536.000
Samtals fært á aðrar rekstrareiningar	Kr. 5.895.000

**10 UMFERÐAR- OG SAMGÖNGUMÁL**

Útgjöld þessa málaflokks hafa þróast á svofelldan hátt;

Ársreikningur 2008	Fjárhagsáætlun 2009	Fjárhagsáætlun 2010
37.150.000	41.559.000	53.662.000

Samkvæmt reikningskilareglum skal fjárfesting í nýjum gatnakerfum (götur, gangstéttar og stígar, göngubrýr og mislæg gatnamót, götuvatnar,

gatnalýsing o.fl.) eignfærð, að frádregnum gatnagerðargjöldum, og afskrifuð í samræmi við almenna reikningskilavenju og er viðmiðunarlíftími gatnakerfis 25 ár.

### **10-31 Viðhald gatna og gangstétta**

Á þennan útgjaldalið er fært viðhald vegna gatna og gangstétta.

- 0990-1 Endurgreiðslur frá Vegagerðinni. Endurgreiðslur vegna viðhalds og reksturs þjóðvega í Hveragerði.
- 4980-1 Aðkeypt vinna. Gert er ráð fyrir aðkeyptri vinnu við endurbætur gatnakerfis og gangstétta kr. 4,5 milljónir.
- 9990-1 Gangstéttarlögn. Gert er ráð fyrir aðkeyptri vinnu við gangstéttir fyrir 500 þúsund. Gert er ráð fyrir endurnýjun gangstétta sem færð er undir fjárfestingu á árinu 2010.

### **10-53 Gangbrautir og umferðamerking**

Gert er ráð fyrir kr. 950 þúsund í viðhald gagnbrauta og umferðarmerkingar.

### **10-59 Götulýsing**

Á þennan útgjaldalið er færður kostnaður vegna götulýsingar. Þann 1. september 2003 hóf Hveragerðisbær greiðslu til RARIK samkvæmt gjaldskrá fyrir götulýsingu.

### **10-61 Snjómokstur og hálkueyðing**

Á þennan útgjaldalið er færður kostnaður vegna snjómoksturs og hálkueyðingar.

- 0990-1 Endurgreiðslur frá Vegagerðinni. Endurgreiðslur vegna veghalds þjóðvega í Hveragerði.

### **10-71 Almenningsamgöngur**

Á árinu 2008 tóku Hveragerðisbær og sveitarfélagið Árborg yfir rekstur almenningsamgangna milli sveitarfélaganna og höfuðborgarsvæðisins. Í kjölfar þess var skrifað undir samstarfssamning við Strætó bs um umsjón með akstri á þessari sömu leið. Á árinu 2009 var aksturinn

boðinn út og bærust hagstæð tilboð. Í kjölfarið var gengið til samninga við SBA - Norðurleið og framlag ársins 2010 lækkar í **kjölfarið** um 2 milljónir frá árinu 2009 og verður 12 mkr.

## 11 Umhverfismál

Útgjöld þessa málaflokks hafa þróast með svofelldum hætti;

Ársreikningur 2008	Fjárhagsáætlun 2009	Fjárhagsáætlun 2010
19.857.000	27.117.000	27.798.000

### 11-01 Mannvirkja- og umhverfisnefnd

Gert er ráð fyrir að nefndin fundi eigi sjaldnar en 6 sinnum á ári en hér er gert ráð fyrir 7 fundum á árinu 2010. Garðyrkju- og blómasýningin Blóm í bæ var í fyrsta sinn haldin árið 2009 við miklar vinsældir. Gert er ráð fyrir sýningu af sama tagi í Hveragerðisbæ á árinu 2010 í samstarfi við hagsmunaaðila. Sýningin verður væntanlega haldin síðustu helgina í júní. Til hennar eru settar 1,5 mkr.

### 11-02 Mannvirkja- og umhverfisfulltrúi

Gert er ráð fyrir að mannvirkja og umhverfisfulltrúi vinni hluta af tæknivinnu bæjarins, sjái um útboð, tilboð og hafi eftirlit með þeim verkum sem í gangi eru á hverjum tíma.

Mannvirkja- og umhverfisfulltrúi hefur með höndum yfirstjórn áhaldahúss, umhverfismála, yfirumsjón eignasjóðs og fleira.

- 0750-1Reiknuð önnur þjónusta til eiganda. Gert er ráð fyrir að stofnanir bæjarins taki þátt í rekstri mannvirkja og umhverfisfulltrúa sem hér segir:

Eignasjóður Hveragerðisbæjar	Kr. 3.082.000
Félagsbústaðir Hveragerðisbæjar	Kr. 264.000
Fráveita Hveragerðisbæjar	Kr. 528.000
Vatnsveita Hveragerðisbæjar	Kr. 528.000
Þjónustumiðstöð Hveragerðisbæjar	Kr. 440.000

Samtals fært á aðrar rekstrareiningar	Kr. 4.842.000
---------------------------------------	---------------

#### **11-04 Sjálfbær þróun**

Unnið er að umsókn um Green Globe vottun og önnur verkefni tengd sjálfbæru samfélagi rúmast innan þessa liðar. Til hans eru settar kr. 200 þúsund til þess árið 2010 til að mæta tilfallandi kostnaði vegna verkefnanna.

#### **11-21 Skróðgarður Fosslöt**

Gert er ráð fyrir kostnaði við umhirðu garðsins kr. 1,148 þúsund.

#### **11-23 Inngangshús við Hverasvæði**

Gert er ráð fyrir starfsmanni yfir sumartímann. Tekjur vegna aðgangseyris eru áætlaðar kr. 600 þúsund en annars eru af húsinu hefðbundin útgjöld.

#### **11-26 Gæsluvöllur**

Gæsluvöllur er rekinn í húsnæði Kvenfélags Hveragerðis við Fljótsmörk. Gert er ráð fyrir að hann verði rekinn á sömu forsendum og fyrri ár. Kostnaður við völlinn færast að stærstu leyti á Vinnuskólann. Opnunartími verður frá kl. 13-16.30 og byggir á reynslu fyrri ára.

#### **11-27 Sláttur og áburður**

Sláttur á opnum svæðum var boðinn út á árinu 2002. Gert er ráð fyrir kostnaði við þann lið 4 mkr.

#### **11-28 Önnur garðvinna**

Á þennan útgjaldalið er einkum færður kostnaður við áburð, illgresiseyðingu, haustlauka, sumarblóm og trjágróður, ásamt daglaunavinnu áhaldahúss vegna umhirðu bæjarfélagsins.

Hér er gert ráð fyrir 800 þúsund í aðkeyptri vinnu. Aðkeypt efni vegna garðvinnu verður kr. 1,6 mkr. Annar rekstrarkostnaður mun nema 800 þúsund kr. Auk þess er gert ráð fyrir vinnuframlagi áhaldahúss.

#### **11-48 Jöfnun úrgangsmoldar**

Frágangur á mön meðfram Smyrlaheiði og kostnaður vegna jöfnunar úrgangsmoldar í jarðvegstípp fellur til á þessum lið.

Gert er ráð fyrir kostnaði við þennan útgjaldalið um 1,6 mkr.

### **11-61 Jólahátíð**

Á þennan lið er bókaður kostnaður við jólahátíð. Í honum felst uppsetning jólaskreytinga á götum og húseignum bæjarins og jólakveðjur Hveragerðisbæjar. Til þessa liðar eru settar 2,406 mkr. Gert er ráð fyrir lækkun um 500 þúsund frá fyrra ári.

### **11-63 Áramótabrenna**

Gert er ráð fyrir óbreyttum kostnaði við þennan útgjaldalið og undanfarin ár en áramótabrenna er við Þverbrekkur og sér HSSH um hefðbundna flugeldasýningu.

## **13 ATVINNUMÁL**

Útgjöld þessa málaflokks hafa þróast með svofelldum hætti;

Ársreikningur 2008	Fjárhagsáætlun 2009	Fjárhagsáætlun 2010
13.670.000	6.934.000	4.216.000

### **13-03 Atvinnuþróunarfélag**

Fast framlag Hveragerðisbæjar til Atvinnuþróunarfélags Suðurlands fellur niður samkvæmt samþykkt aðalfundar Félagsins en taka á framlög sveitarfélaganna árið 2010 af eigið fé Atvinnuþróunarfélagsins. Á móti kemur að í fjárhagsáætlun ársins 2010 er gert ráð fyrir þátttöku Hveragerðisbæjar í Markaðsstofu Suðurlands og nemur framlag bæjarins kr. 800 þúsund.

### **13-62 Upplýsingamiðstöð Suðurlands**

Upplýsingamiðstöð Suðurlands starfar sem upplýsingamiðstöð í flokki 1 á landsvísu. Samstarfsaðilar eru Ferðamálaráð, Ferðamálasamtök Suðurlands og Atvinnuþróunarsjóður Suðurlands. Einnig er rekið í Upplýsingamiðstöðinni pósthús í samvinnu við Póstinn.

Upplýsingamiðstöðin var opnuð 1. júlí 2000. Upplýsingamiðstöðin er í leiguhúsnæði að Sunnumörk 2. Samkvæmt samningi á Hveragerðisbær

að setja kr. 2.9 milljónir til reksturs Upplýsingarmiðstöðvar og er gert ráð fyrir því framlagi á áætlun ársins 2010. Fagráð starfar sem stjórn Upplýsingarmiðstöðvar Suðurlands og er bæjarstjóri formaður þess.

## 21 SAMEIGINLEGUR KOSTNAÐUR

Framlög til málaflokksins hafa þróast með svofelldum hætti:

Ársreikningur 2008	Fjárhagsáætlun 2009	Fjárhagsáætlun 2010
84.383.000	79.582.000	86.735.000

### 21-01 Bæjarstjórn

Gert er ráð fyrir að bæjarstjórn fundi 12 sinnum á árinu. Fundir bæjarstjórnar eru haldnir annan fimmtudag í mánuði samkvæmt samþykktum um stjórn og fundarsköp Hveragerðisbæjar. Bæjarstjórn er venjulega í frii í júlí og ágúst og er bæjarráði þá falin fullnaðarafgreiðsla mála enda sé afgreiðsla mála án ágreinings. Fundir bæjarstjórnar eru öllum opnir.

Samkvæmt lögum ber bæjarfélögum að styðja við stjórn málaflokka sem fengu mann í bæjarstjórn við síðustu kosningar og við þá flokka sem náðu 10% við sömu kosningar án þess að ná inn manni. Gert er ráð fyrir auknum stuðningi við flokkana um kr 600 þúsund. Auk þess er gert ráð fyrir stuðningi við félögin í samræmi við það sem áður hefur tíðkast eða styrk til greiðslu fasteignagjalda af húsnæði í eigu félaganna og styrks til sérfræðipjónustu.

### 21-02 Bæjarráð

Gert er ráð fyrir að bæjarráð fundi 24 sinnum á árinu. Fundir bæjarráðs eru 1. og 3. fimmtudag í hverjum mánuði. Fundir bæjarráðs eru lokaðir.

### 21-07 Endurskoðun

Endurskoðandi Hveragerðisbæjar er Ólafur Gestsson hjá PriceWaterHouseCoopers ehf. Á þennan lið er einnig færður kostnaður vegna funda skoðunarmanna sem kjörnir eru af bæjarstjórn. Vegna



sífelld aukinna krafna löggjafans um ítarlegri og nákvæmari endurskoðun er nauðsynlegt að gera ráð fyrir auknu framlagi til þessa liðar.

## 21-11 Kosningar

Þann 29. maí 2010 verður kosið til sveitarstjórnar og gert er ráð fyrir kostnaði vegna þessa hér.

## 21-40 Bæjarskrifstofa

Áætlaður heildarkostnaður við rekstur bæjarskrifstofu eftir að tekið hefur verið tillit til kostnaðarþátttöku A- og B-hluta fyrirtækja Hveragerðisbæjar er 54.3 mkr. Bæjarskrifstofur fluttu úr húsnæði sínu að Hverahlíð 24 og í nýtt leiguhúsnæði að Sunnumörk 2 síðla árs 2004.

Ársreikningur 2008	Fjárhagsáætlun 2009	Fjárhagsáætlun 2010
48.824.000	54.299.000	54.267.000

- 0780-1 Eftirtaldar stofnanir greiða þátttöku í rekstri bæjarskrifstofu:

Eignasjóður Hveragerðisbæjar	Kr.	7.434.000
Félagsbústaðir Hveragerðisbæjar	Kr.	1.487.000
Fráveita Hveragerðisbæjar	Kr.	4.460.000
Vatnsveita Hveragerðisbæjar	Kr.	4.460.000
Þjónustumiðstöð Hveragerðisbæjar	Kr.	2.230.000
Samtals	Kr.	20.071.000

- 1110-1 Stöðugildi á bæjarskrifstofum eru 6 með stöðugildi bæjarstjóra. Ekki er gert ráð fyrir ráðningu afleysinga manns í sumarleyfum starfsmanna. Auk þess er starfsmaður ráðinn að bæjarskrifstofu til ræstinga.

## 21-45 Álagning og innheimta

Gert er ráð fyrir 6,1 mkr vegna álagningar og innheimtu. Skiptist sú fjárhæð í kostnað bæjarins vegna þjónustu Momentum sem sinnir bæði frum- og milliinnheimtu Hveragerðisbæjar. Einnig færist á þennan lið kaup á álagningarskrá fasteigna og greiðsla bæjarins vegna innheimtu staðgreiðslu.

## 21-51 Vínabæjarmót - móttaka gesta.

Vinabæjarmót er framundan næsta sumar og einnig hafa sveitarfélögin Árborg, Ölfus og Hveragerði samþykkt að taka á móti bæjarstjórum landsins í apríl n.k. Samtals er sett til þessa liðar kr. 800 þúsund á árinu

### **21-55 Kynning bæjarfélagsins**

Á þennan lið eru færð útgjöld til starfsemi sem miðar að því að upplýsa íbúa Hveragerðisbæjar, ferðamenn og aðra um þá þjónustu sem er í boði í bæjarfélaginu. Kostnaður vegna heimasíðu færist á þennan lið.

### **21-61 Kjarasamningar**

Hveragerðisbær er aðili að Launanefnd sveitafélaga. Launanefndin hefur umboð frá Hveragerðisbæ til að semja við bæjarstarfsmenn sem eru félagar í FOSS, Félagi opinberra starfsmanna á Suðurlandi, Félagi tæknifræðinga og stéttarfélagum kennara. Á þennan útgjaldalið er færður kostnaður vegna starfskjara- og starfsmatsnefnda sem og kostnaðarhlutdeildar við Launanefnd sveitarfélaga.

### **21-62 Starfsmannahald**

Á þennan útgjaldalið er færður kostnaður vegna váttrygginga starfsfólks ásamt framlagi til Starfsmannafélags Hveragerðisbæjar. Gerður var samningur um trúnaðarlæknisþjónustu við Heilbrigðisstofnun Suðurlands árið 2008. Í þeim samningi er gert ráð fyrir hefðbundinni trúnaðarlæknisþjónustu auk fræðslufunda og almennrar heilsuefningar starfsmanna. Kostnaður vegna samningsins 0,7 mkr færist á þennan lið.

### **21-71 Framlag til Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga**

Framlagið hefur þróast með svofelldum hætti en ákveðið var af stjórn Samtakanna að nýta eigið fé í stað þess að innheimta framlög af aðildarsveitarfélögum árið 2010.

Ársreikningur 2008	Fjárhagsáætlun 2009	Fjárhagsáætlun 2010
1.016.000	680.000	176.000

## 21-72 Framlag til Héraðsnefndar Árnesinga

Framlagið sem er ákvarðað í samræmi við fjárhagsáætlun héraðsnefndar fyrir árið 2010 hefur þróast með svofelldum hætti;

Ársreikningur 2008	Fjárhagsáætlun 2009	Fjárhagsáætlun 2010
1.350.000	799.000	550.000

## 21-92 Afskriftir og niðurfærsla

Á þennan gjaldalið er áætlað fyrir töpuðum kröfum bæjarsjóðs.

## 31 EIGNASJÓÐUR

Í samræmi við reikningsskilareglur sveitarfélaga eru allar eignir A-hluta bæjarsjóðs eignfærðar í sérstökum eignasjóði og afskrifaðar miðað við áætlaðan endingartíma þeirra. Afgjald til þess að mæta afskriftum, fjármagnskostnaði og viðhaldi er reiknað til tekna hjá eignarsjóði en til gjalda á mismunandi málaflokka. Afgjaldið sem Eignasjóður reiknar vegna "afnota" viðkomandi eignar er þrennskonar, í fyrsta lagi er afgjald sem tekur mið af almennum þjónustubyggingum sveitarfélaga en það er samkvæmt eftirfarandi;

<b>Afgjald</b>	
Fjármagnskostnaður	5,50%
Afskriftir	2,50%
Skattar og tryggingar	1,20%
Viðhald húsa og lóða	2,00%
Umsýslukostnaður	0,50%
<b>Afgjald samtals</b>	<b>11,70%</b>

Í öðru lagi er svo afgjald sem tekur mið af húsnæði sem nýtt er fyrir leikskóla en þar er viðhaldspáttur 3,00% og afgjaldið því 12,70%.

Í þriðja lagi er afgjald sem tekur mið af eignum sem eru að fullu

afskrifaðar en þar er afgangið 9,20%.

Eignir sem tilheyra Eignasjóði:

31-26	Austurmörk 20	Áhaldahús
31-28	Breiðumörk 26	Skólastofur (Mjólkurbú)
31-32	Austurmörk 20	Slökkvistöð
31-33	Breiðamörk 24	Verkmenntahús (Kaupfélag)
31-34	Dynskógar 17	Ullarþvottstöð
31-36	Breiðumörk 31	Listamannahús
31-37	Skólamörk 6	Grunnskóli
31-38	Breiðamörk	Leikskólinn Undraland
31-39	Laugarskarð	Sundlaug
31-40	Reykjamörk	Tjaldsvæði
31-41	Hveramörk	Aðstöðuhús á Hverasvæðinu
31-42	Skólamörk 2	Íþróttahús
31-43	Aðstöðuhús	V. Grýluvöll
31-45	Finnmörk 1	Leikskólinn Óskaland
31-49	Lækjarbrún 9	Dagvist aldraðra
31-50	Bífreið v/ fatlaðra	
31-62	Gatnakerfi	

Gert ráð fyrir sölu Lækjarbrúnar 9 á árinu 2010 og Borgarheiðar 3v.

Helstu kostnaðarliðir vegna viðhaldsframkvæmda á eignum bæjarins eru:

0,2 mkr eru settar til viðhalds á Áhaldahúsi bæjarins en þar er gert ráð fyrir endurbótum á útkeyrsluhurð.

0,5 m kr eru settar til viðhalds Breiðumerkur 26, en þar er brýnt að lagfæra gólfduík á austustu kennslustofunni.

0,1 mkr eru settar til viðhalds hússins að Breiðumörk 24.

1,8 mkr eru settar til almennra viðhaldsframkvæmda við Grunnskólann.

1,2 mkr eru settar til viðhalds leikskólans Undralands en þar er gert ráð fyrir endurbótum á ruslaskýli.

2,2 mkr eru settar til viðhalds lóðar og húss í Laugaskarði.

0,2 mkr eru settar til viðhalds lóðar og húss á tjaldsvæði.

0,6 mkr eru settar til viðhalds inngangshúss á hverasvæðinu og framkvæmda á lóð.

0,6 mkr eru settar til ýmiss viðhalds íþróttahúss en engar stórframkvæmdir eru áætlaðar á árinu.

0,250 mkr eru settar til viðhalds lóðar og húss á leikskólanum Óskalandi.

### 33 ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ

Útgjöld þessa málaflokks hafa þróast með svofelldum hætti;

Ársreikningur 2008	Fjárhagsáætlun 2009	Fjárhagsáætlun 2010
22.052.000	19.121.000	17.269.000

#### 33-11 Daglaunamenn

- 0730-1 Reiknuð vinna til eigin nota.
- 1110-1 Mánaðarlaun, laun lausráðinna, yfirvinna og launatengd gjöld. Gert er ráð fyrir 4,5 stöðugildum í áhaldahúsi auk sumarafleysinga.

#### 33-21 Annar rekstrarkostnaður áhaldahúss

Gert er ráð fyrir svipuðum kostnaði við þennan útgjaldalið og á undanförunum árum.

#### 47 Vatnsveita

Dreifikerfi Vatnsveitu Hveragerðisbæjar nær til alls sveitarfélagsins að frátaldri lóð Náttúrulækningafélags Íslands en félagið rekur sína eigin

vatnsveitu. Auk þess nær dreifikerfið til orlofsbyggðarinnar Ölfusborga, Ölfusi skv. sérstökum samningi þar um. Á árinu 2007 var ráðist í borun nýrrar vatnsöflunarholu á Selhæðum. Því verki lauk á árinu 2008.

Heildartekjur vatnsveitu hafa þróast með eftirfarandi hætti:

Ársreikningur 2008	Fjárhagsáætlun 2009	Fjárhagsáætlun 2010
37.393.000	40.940.000	43.914.000

#### **47-01 Vatnsgjald**

Vatnsveita Hveragerðisbæjar innheimtir vatnsgjald skv. lögum um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 81/1991. Álagningarstofninn er fasteignamat fasteigna sem vatnsins geta notið og er álagningarprósentan fyrir árið 2010 0,16% af fasteignamati fasteigna í A og B-flokki. Innheimta aukavatnsgjalds hjá öllum fyrirtækjum í Hveragerði hófst síðla árs 2007 og mun gjaldið hækka úr 8 kr í 9 kr pr. tonn þann 1. janúar 2010. Jafnframt er innheimt mælaleiga sem er föst krónutala ákvörðuð af bæjarráði en mælar hafa undanfarið ár verið settir upp í fyrirtækjum bæjarins.

#### **47-02 Stofngjöld**

Vatnsveita Hveragerðisbæjar innheimtir stofngjöld fyrir lagningu heimæða til notenda skv. lögum um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 81/1991. Stofngjald (tengigjald) er skv. ákvörðun bæjarstjórnar hverju sinni. Inn á þennan lykil færast tekjur vegna stofngjalda. Ekki er gert ráð fyrir neinum tekjum á þessum lið árið 2010 vegna þrenginga í efnahagslífi landsmanna.

#### **47-11 Vatnsból og dælur**

Vatnsveita Hveragerðisbæjar starfrækir þrjú vatnsból. Á Selhæðum norðan Hamars eru þrjár borholur sem gefa samtals um 60 l/sek, Lind í Reykjafjalli sunnan Gufudals sem gaf um 10 l/sek hefur verið tekin úr notkun. Við Friðarstaði er lind sem nýtt er sem varavatnsból sem gefur um 20 l/sek. Sú lind er einungis notuð í neyðartilfellum þar sem vatnsmagnið er afar sveiflukennt. Stefnt er að því að sú lind leggist af á næstu árum. Hámarks vatnspörf bæjarins er nú um 40 l/sek. Vatni er dælt frá Selhæðum og Friðarstöðum inn á aðveitukerfi vatnsveitunnar en vatn úr lind undir Reykjafjalli var sjálf rennandi inn á kerfið. Við rekstur vatnsveitna er nauðsynlegt að gera ráð fyrir ófyrirséðum skakkaföllum

svo sem því að dætur bili eða annað komi uppá. Ný borhola á Selhæðum kemur til móts við þessi atriði. Inn á þennan lykíl færast gjöld vegna reksturs vatnsbóla og dæla. Til þessa liðar eru settar 6,8 mkr á árinu 2010.

#### **47-21 Aðveitukerfi**

Aðveitukerfi liggur frá vatnsbólum á Selhæðum, Friðarstöðum og undir Reykjafjalli að miðlunartanki sem er staðsettur undir austurhlíðum Hamarsins. Miðlunartankurinn er hluti af aðveitukerfi bæjarins og tekur 750 tonn af vatni. Á árinu 2006 var tekin í notkun dælustöð vatnsveitu við miðlunartankinn sem tryggir rekstraröryggi veitunnar enn betur en verið hefur. Reksturs aðveitukerfisins færast á þennan lið.

#### **47-31 Dreifikerfi**

Hveragerðisbær dreifir vatni um dreifikerfi vatnsveitunnar, frá miðlunartanki til notenda. Dreifikerfið nær frá miðlunartanki að heimæðum. Inn á þennan lykíl færast gjöld vegna reksturs dreifikerfisins.

#### **47-32 Heimæðar**

Vatnsveita Hveragerðisbæjar sér um lagningu allra heimæða og annast og kostar viðhald þeirra. Heimæðar, sem lagðar hafa verið fyrir 1. janúar 1992 verða eign vatnsveitu Hveragerðis í framhaldi af endurnýjun vatnsveitunnar á þeim. Eignarhald á öðrum heimæðum skal vera óbreytt nema um annað náist samkomulag milli Hveragerðisbæjar og eiganda heimæðarinnar. Eigandi heimæðar kostar viðhald hennar. Inn á þennan lykíl færast gjöld vegna reksturs heimæða. Gert er ráð fyrir að til þessa liðar verði varið 3,774 mkr á árinu 2010.

#### **47-61 Stjórnun**

Inn á þennan lykíl færast gjöld vegna stjórnunar- og skrifstofuhalds vatnsveitunnar, s.s. félagsgjöld, tryggingar og þátttaka í rekstri tæknideildar, mannvirkja - og umhverfisfulltrúa og bæjarskrifstofunnar.

#### **49 Fráveita**

Fráveita Hveragerðisbæjar starfrækir fráveitukerfi sem nær frá lóðarmörkum lóða í Hveragerði að viðtaka sem er Varmá. Fráveitukerfið í Hveragerði er svokallað tvöfalt kerfi, skólþ- og regnvatnskerfi. Lóðarhafar eiga sjálfir og sjá um viðhald á lögnum frá húsum sínum að lóðarmörkum.

Heildartekjur fráveitu hafa próast með svofelldum hætti:

Ársreikningur 2008	Fjárhagsáætlun 2009	Fjárhagsáætlun 2010
55.578.000	56.955.000	62.140.000

#### 49-04 Holræsagjald

Fráveita Hveragerðisbæjar innheimtir holræsagjald skv. lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995. Álagningarstofninn er fasteignamat fasteigna sem tengjast holræsakerfi bæjarins og er álagningarprósentan fyrir árið 2009 0,25% af fasteignamati fasteigna í A, B og C flokki. Inn á þennan lykil færast tekjur vegna holræsagjalda.

#### 49-05 Stofngjöld

Inn á þennan lykil færast stofn- og tengigjöld holræsa. Ekki er gert ráð fyrir neinum tekjum vegna þessa þar sem byggingaframkvæmdir eru í mikilli óvissu um þessar mundir.

#### 49-11 Viðhald og rekstur holræsa

Inn á þennan lykil færast gjöld vegna viðhalds og reksturs holræsa. Árið 2005 er gert ráð fyrir viðhaldi og rekstri holræsa að upphæð 6,517 mkr.

#### 49-13 Skólphreinsistöð

Á vormánuðum árið 2002 var tekin í notkun skólphreinsistöð á bökkum Varmár sem uppfyllir ákvæði laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og ákvæði reglugerðar um fráveitur og skólp nr. 798/1999. Inn á þennan lykil færast gjöld vegna reksturs skólphreinsistöðvar. Árið 2009 var í fyrsta sinn gert ráð fyrir kaupum á hita til skólphreinsistöðvar en árið 2008 hrundi borhola í eignum bæjarfélagsins sem hingað til hefur annað stöðinni og ekki taldist ráðlegt að endurnýja hana. Í staðinn var stöðin tengd dreifikerfi OR. Vegna stóraukins kostnaðar við flutning og urðun seyrur að Álfsnesi verður allra leiða leitað til að nýta seyrur eins nálægt skólphreinsistöðinni og hægt er.

#### 57 Félagsbústaðir Hveragerðisbæjar

##### 57-01 Stjórnunarkostnaður



Gert er ráð fyrir hlutdeild félagsbústaða í sameiginlegum kostnaði Hveragerðisbæjar. Þarna er einnig gert ráð fyrir kr. 1 mkr í tilfallandi viðhald á húsnæði á vegum Hveragerðisbæjar.

	<b>Heiti eignar</b>
<b>57-21</b>	<b>Heiðmörk 24h</b>
<b>57-24</b>	<b>Heiðmörk 10</b>
<b>57-25</b>	<b>Reykjamörk 2, íb. 0101</b>
<b>57-26</b>	<b>Reykjamörk 2, íb. 0102</b>